

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök *sorphirðugjöld* (sorphreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald: Árlegt gjald kr. 10.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 5.500. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.

3. gr.

Sorpförgunargjald frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs er sem hér segir:

	kr.		kr.
Flokkur 1	4.000	Flokkur 2	10.000
Flokkur 3	25.000	Flokkur 4	50.000
Flokkur 5	100.000	Flokkur 6	200.000

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi eldri sorphirðugjaldskrá dagsett 4. febrúar 2003.

Borgarfirði, 9. mars 2006.

Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri.